



Dagana 16.-18. mars verður haldið Íslandsmót iðn- og verkgreina í Laugardalshöllinni. Þar munu sjúkraliðanemar frá þremur skólum keppa í hjúkrun. Von er á nokkrum þúsundum grunnskólanema, úr efstu bekkjum, á staðinn til að kynna sér námsframboð framhaldsskólanna.

Nú auglýsum við eftir sjúkraliðum til að standa vaktina þessa daga, bjóða upp á blóðþrýstings- og súrefnismettunarmælingar og kynna starfið okkar.

Mótið er fimmtudaginn 16. mars, kl. 9 - 17, föstudaginn 17. mars, kl. 9 - 17 og laugardaginn 18. mars, kl. 9 - 12.

Þetta er hugsað sem 4 tíma vaktir, frá 9 - 13 og 13 - 17 fim. og fös, og kl 9 - 12 á laugardeginum, en þá fer fram verðlaunaafhending. Vaktirnar eru þó sveigjanlegar, mega vera styttri eða lengri, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Nánar má lesa um mótið á <http://www.verkidn.is/>

Áhugasamir geta sent póst á jrd@mi.is